

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 31/2015 fyrir kattahald í Fjallabyggð.

1. gr.

1. mál. 2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:  
Kattaleyfisgjald greiðist árlega, kr. 8.856 kr.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:  
Handsömunargjald, samkvæmt 14. gr. samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð, skal vera 5.209 kr. Ef vista þarf kött yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 938 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn.

3. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:  
Gjaldskrá þessi miðast við vísitölu neysliverðs í janúar 2014 (415,9 stig) og uppfærast í janúar ár hvert miðað við gildandi vísitölu neysliverðs, grunn 1988.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 11. mars 2015 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 25. febrúar 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 11. mars 2015.

*Fjallabyggð, 13. mars 2015.*

**Gunnar I. Birgisson** bæjarstjóri.